

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 1997

28. nóvember 1997

1513

Nr. 659

REGLUGERÐ

**um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa
á vertíðinni 1997/1998.**

1. gr.

Á loðnuvertíðinni 1997/1998, sbr. reglugerð nr. 373/1997, um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 984.475 lestir af loðnu.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 373/1997 um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestum af loðnu sunnan 64°40'N í lögsögu Grænlands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 410, 30. júní 1997, um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa á vertíðinni 1997/1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

26. nóvember 1997

Nr. 660

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

B 105

Gutenberg

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		32.800		
1602.1001 Blönduð matv.meira en 60% af kjöti	01.01.-30.06.98		0	84
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.01.-30.06.98		0	84
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.01.-30.06.98		0	117
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.01.-30.06.98		0	117
1602.2019 Annað	01.01.-30.06.98		0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.01.-30.06.98		0	117
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.01.-30.06.98		0	78
1602.2029 Annað	01.01.-30.06.98		0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.01.-30.06.98		0	203
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.01.-30.06.98		0	203
1602.3109 Annað	01.01.-30.06.98		0	115
1602.3201 Úr hænsum meira en 60%	01.01.-30.06.98		0	203
1602.3202 Úr hænsum meira en 20%, til og með 60%	01.01.-30.06.98		0	203
1602.3209 Annað	01.01.-30.06.98		0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.01.-30.06.98		0	203
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.01.-30.06.98		0	203
1602.3909 Annað	01.01.-30.06.98		0	115
1602.4101 Úr svínunum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.01.-30.06.98		0	522
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.98		0	343
1602.4109 Annað	01.01.-30.06.98		0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.01.-30.06.98		0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.98		0	247
1602.4209 Annað	01.01.-30.06.98		0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.01.-30.06.98		0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.98		0	307
1602.4909 Annað	01.01.-30.06.98		0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.01.-30.06.98		0	362
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.01.-30.06.98		0	304
1602.5009 Annað	01.01.-30.06.98		0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.01.-30.06.98		0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.98		0	265
1602.9019 Annað	01.01.-30.06.98		0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.01.-30.06.98		0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.98		0	265
1602.9029 Annað	01.01.-30.06.98		0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sött:

vöruliðir	1602.10XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.20XX	1.000 kg
vöruliðir	1602.3XXX	6.200 kg
vöruliðir	1602.4XXX	5.000 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.800 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.400 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

26. nóvember 1997

Nr. 661

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -</i>				
Tollnúmer: vöruliður 0202 og 0210:		36.100		
0202.3002 Lundir	01.01.-30.06.98		0	494
0202.3003 Hryggvöðvar	01.01.-30.06.98		0	494
0202.3004 Vöðvar af læri	01.01.-30.06.98		0	494
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,</i>				
Tollnúmer: þurrkað eða reyk:				
0210.2001 Beinlaust	01.01.-30.06.98		0	301
<i>Svínakjöt - vöruliður 0203 og 0210:</i>				
Tollnúmer: Svínakjöt, fryst:		24.200		
0203.2903 Hakkað	01.01.-30.06.98		0	228